



469. Stjórnarfundur haldinn 19. apríl 2016 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

Fjarverandi: Sveinn Adolfsson (SA)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ. Úthlutun úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Keflavík var veittur styrkur v/skyndihjálparnámskeiða en umsókn Keflavíkur var hafnað vegna námskeiðs í Nora. Aðalstjórn er afar þakklát fyrir veittan styrk en er mjög svo undrandi á ákvörðun sjóðsstjórnar að veita ekki styrk í Nora námskeiðið. Veittur var styrkur til unglingaráðs knattspyrnudeildar.

Tilboð frá VÍS í slysatryggingu barna- hópvátrygging. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/Hreyfiviku 23. – 29. maí 2016. *Móttekið og EH ætla að hafa samband við formann sunddeildar og Hafstein Ingibergsson forstöðumann íþróttamannvirkja.*

Tölvupóstur frá Gísla H. Jóhannssyni v/láns á sal í félagsheimili okkar. *Erindinu hafnað.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Starfsskýrslur ÍSÍ.

EH sagði frá því að búið væri að senda starfsskýrslu félagsins inn til ÍSÍ.

5. Umhverfisdagur Keflavíkur.

Umhverfisdagurinn verður haldinn 26. apríl. 2016. Undirbúningur er í fullum gangi.

6. Ársþing IRB.

Ársþing IRB verður haldið í Íþróttakademíunni 23. maí 2016 kl. 20:00. Keflavík á tíu þingfulltrúa á þingið. Bréf þess efnis liggur fyrir fundinum ásamt kjörbréfi.

7. Keflavíkurdagurinn.

EH afhenti BS og BMB lista yfir nefndarmenn, og óskaði eftir því að nefndin myndi hefja störf.

8. Önnur mál.

EH sagði að borðfánarnir væru að verða búnir. *Ákveðið að kaupa kaupa eitthundrað stykki af borðfánunum og framkvæmdastjóra falið að leita tilboða í þá.*

Ákveðið að panta barmberki Keflavíkur. *Framkvæmdastjóra falið að panta merkin, og kanna með stöðu á bindisnælum.*

Aðgangskort knattspyrnudeildar. *Samþykkt að óska eftir aðgangskortum fyrir stjórnarmenn á heimaleiki knattspyrnudeildarinnar og greiða styrk til deildarinnar að upphæð eitthundraðþúsund krónur. Framkvæmdastjóra falið málið.*

Fundartími aðalstjórnar. *Ákveðið að halda fundartíma óbreyttum fram að sumri.*

EH mætti á lokahóf körfuknattleiksdeildar.

Herra- og konukvöld knattspyrnudeildar Keflavíkur verður haldið 20. apríl. 2016.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:35

Næsti stjórnarfundur 03. maí kl. 18:00.

Fundinn ritaði BS.

